



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. maí 2017
USK2017040028

Borgarráð

Endurnýjun mótuneyta í grunnskólum.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir og kaupa búnað vegna endurnýjunar á eldhúsi Breiðholtsskóla. Samhliða fer fram endurskipulagning á bókasafni og félagsmiðstöð.

Kostnaðaráætlun 2 er 70 mkr.

Áætlaður framkvæmdatími er júní - ágúst 2017.

Greinargerð:

Framkvæmdin felur í sér að eldhús er flutt við hlið matsalar þar sem nú er tölvuaðstaða og bókasafn. Núverandi eldhúsaðstaða verður nýtt fyrir félagsmiðstöð.

Kostnaðarstaður: 1104 (verknr. 20285).

Kostnaðaráætlun 1: 50 mkr.

Kostnaðaráætlun 2: 70 mkr. Þar af eru 50 mkr. vegna endurnýjunar á eldhúsi og 20 mkr. vegna endurskipulagningar á bókasafni og félagsmiðstöð. Hækkun frá kostnaðaráætlun 1 rúmast innan heildaráætlunar.

Áætluð hækkun innri leigu: 6,6 mkr. á ári.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Minnisblað frumathugana



Reykjavík 2.5.2017 rg/

Endurgerð mótuneyta í grunnskólum - Breiðholtsskóli

Undirbúningur að endurgerð mótuneytis Breiðholtsskóla hófst snemma árs 2016. Farið var yfir möguleika á endurgerð mótuneytisins, en það er staðsett í dag á palli ofar salnum þar sem nemendur matast. Þetta veldur erfiðleikum í afgreiðslu á mat þar sem nemendur þurfa að fara niður nokkur þrep með matardiskinn að matarborðunum í salnum.


Skoðaðar voru nokkrar tillögur að eldhúsi, óbreytt ástand með stækkun og færsla á eldhúsinu á sama gólf og matsalurinn. Einnig var skoðað hvort eldhúsið yrði móttökueldhús eða framleiðslueldhús. Fallið var frá móttökueldhúsinu vegna aukins rekstarkostnaðar.

Það var sátt um að færa eldhúsið á sama pall og matsalurinn er á og breyta núverandi tölvuaðstöðu og bókasafni. Ákveðið var að núverandi eldhúsaðastaða nýtist fyrir félagsmiðstöð sem nú er hýst í hluta að skólasafninu. Þessi staðsetning er í mjög góðum tengslum við fjölnotasalinn.

Verkefnið er því tvíþætt að endurgerða eldhús á sama plani og matsalurinn er og að endurskipuleggja skólasafnið og félagsmiðstöðina.

Öll þessi vinna var unnin í fullu samráði við stjórnandur skólans og fulltrúa frá SFS.

Kostnaður vegna endurgerðar eldhúss er 50 mkr. og vegna endurskipulagningar skólasafns og félagsmiðstöðvar er 20 mkr. Þar af er kostnaður vegna búnaðar 7 mkr.



Rúnar Gunnarsson
deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar